

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra  
Kristín Linda Árnadóttur, forstjóri Umhverfisstofnunar

Sælar verið þið

Nokkur umræða hefur farið fram undanfarna daga, einkum innan háskólans og einnig að nokkru í fjölmiðlum, um umsókn ORF líftækni til Umhverfisstofnunar um ræktun á erfðabreyttu byggi utandyra að Gunnarsholti. Í þeirri umræðu hafa komið fram allhávær sjónarmið í þá veru að hafna beri umsókninni alfarið á þessu stigi.

Ljóst er að skiptar skoðanir eru um erfðatækni og nauðsynlegt að umræða um hana sé opin og á faglegum forsendum. Mikilvægt er að starfsmenn háskóla taki virkan þátt í þeim umræðum, enda er þar alla jafna að finna þá þekkingu sem nauðsynleg til að komast að niðurstöðu í máli af þessu tagi. Jafnmikilvægt er að háskólafólk gangi ávallt fram af fagmennsku og tefli fram bestu þekkingu sem til reiðu er á hverjum tíma.

Þróun erfðatækni er mjög mikilvæg fyrir heilbrigðisþjónustu. Á undanförunum áratugum hafa orðið miklar framfarir á þessu sviði, og ótaldar afurðir litið dagsins ljós sem framleiddar hafa verið með erfðabreyttum lífverum og gjörbreytt þannig meðferð ýmissa alvarlegra sjúkdóma. ORF líftækni gerði nýlega samning við Háskóla Íslands, og r sómi að honum fyrir báðar stofnanir enda fyrirtækið mjög öflugt á sínu sviði. Jafnframt var einum starfsmanna fyrirtækisins boðin gestaprófessorstaða við lyfjafræðideild sem hann þáði. Slík boð eru ekki sjálfsgöð innan skólans og einungis til handa mönnum sem háskólinn tekur mikinn akkur í að fá til starfa. Á þessum forsendum skrifa ég ykkur, en lyfjafræðideild er ein af sex deildum í nýstofnuðu Heilbrigðisvísindasviði háskólans.

Hér er í sjálfu sér ekki tilefni til að draga fram þau rök sem ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur teflir fram til stuðnings þeirri skoðun sinni að orðið verði við umsókn fyrirtækisins, það hefur verið vel gert annars staðar. Jafnframt hefur Náttúrufræðistofnun Íslands mælt með að leyfi til tilrauna ORF Líftækni verði veitt. Vísað er einnig til athyglisverðrar skýrslu LBHÍ um nýja tækni við kynbætur á byggi. Miklar upplýsingar liggja fyrir í vísindaritum um erfðatækni, og ekki unnt að finna þeirri hættu stað sem ýmsir vilja vera láta að af henni stafi. Slíkar fullyrðingar virðast því miður oftast byggja á vangaveltum og jafnvel trúarlegri nálgun fremur en vísindum. Minna má á að sú tækni sem hér er til umfjöllunar er í raun "einungis" mun nákvæmari og fínstilltari nálgun að kynbótun en áður hefur verið notuð. Kynbætur hafa hins vegar verið stundað öldum ef ekki árpúsundum saman og leitt til tilurðar nýrra tegunda af ýmsu tagi án þess að veröldin hafi beðið af því marktækan skaða.

Ég sem læknir hef leitast við að fylgjast með þeim helstu rannsóknum sem birst hafa á grundvelli þessarar tækni enda skiptir hún eins og áður sagði miklu fyrir meðferð veiks fólks. Ég hef einnig átt samtöl við allnokkurn fjölda erfðavísindamanna innan Háskóla Íslands undanfarna daga sem allir þekkja til ofanefnds verkefnis ORF Líftækni. Einnig hef ég átt þess kost að lesa umsókn fyrirtækisins, mat ráðgjafanefnarinnar ásamt sérálitum, mat Náttúrufræðistofnunar og skýrslu LBHÍ.

Á grundvelli þessa vil ég leyfa mér að lýsa yfir eindregnum stuðningi við umsókn ORF Líftækni þótt óumbeðinn sé. Rannsóknir af þessu tagi eru til þess fallnar að auka

þekkingu okkar verulega, án þess að marktæk áhætta sé tekin. Niðurstöður munu geta nýst við lyfjapróun og þannig stuðlað að bættri meðferð sjúkdóma. Við sem störfum að heilbrigðismálum höfum þá skyldu að stuðla að aukinni þekkingu á þessu sviði eins og öðrum, og sú þekking mun einkum koma einum hópi manna að gagni, þ.e. sjúklingum okkar.

Ég tel mig geta fullyrt að starfsmenn Háskóla Íslands sem best þekkja til þessara mála eru sem endranær tilbúnir til að veita stjórnvöldum frekari upplýsingar eða ráðgjöf verði á því talin þörf

Með bestu kveðju

Sigurður Guðmundsson  
forseti heilbrigðisvísindasviðs HÍ